

7.–10. FEBRÚAR 2013

MAGNAÐ MYRKUR

VETRARHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK



VETRARHATID.IS



Reykjavíkurborg

orkusalan



Glæsileg byrjun á Vetrarhátíð

Annað árið í röð á spænski arkitektinn Marcos Zotes opunaratriði Vetrarhátíðarinnar í Reykjavík. Eddi Egilsson úr hljómsveitinni Steed Lord semur tónlist við verkið en þetta er í fyrsta sinn sem hann fram fram sem sólólistamaður.

Vetrarhátíð í Reykjavík hefst fimmtudaginn 7. febrúar og stendur yfir til sunnudags. Borgarstjórnin í Reykjavík, Jón Gnarr, mun setja hátíðina með formlegum hætti á Austurvelli á fimmtudegi kl. 19.30 og verður opunaratriði hátíðarinnar sérstaklega glæsilegt. Um er að ræða verkið „PIXEL CLOUD“ eftir spænska arkitektinn Marcos Zotes sem mun umbreyta Austurvelli í stórbrotna upplifun ljóss, lita og hreyfingar við tónlist Edda Egilssonar úr hljómsveitinni Steed Lord sem þar kemur í fyrsta sinn fram sem sólólistamaðurinn Cosmos.

VANN SAMKEPPNINA AFTUR

Höfuðborgarstofa, Orkusalan og Hönnunarmiðstöð Íslands stóðu fyrir samkeppni um opunaratriði hátíðarinnar og er þetta annað árið í röð sem Marcos Zotes vinnur samkeppnina. Í fyrra framkallaði hann kraftmikla og sjónræna upplifun þegar hann breytti framhlið Hallgrímskirkju með eftirminnilegum hætti. Marcos Zotes starfar sem arkitekt á arkitektastofunni Basalt arkitektar í Reykjavík. „Ég hef unnið að verkefninu „PIXEL CLOUD“ undanfarna tvo mánuði og hef nýtt kvöld og helgar í þá vinnu. Ég rek hönnunarstúdíóið UNSTABLE í Toppstöðinni í Elliðaárdal og þar hef ég unnið með mismunandi ljósatækni og ólík efni til að varpa ljósum á. Það verður einnig mjög spennandi að vinna með tónlistarmanninum Edda Egilssyni. Hann kemur hingað til landsins til að flytja sólóverkefni sitt sem passar



Eddi Egilsson, meðlimur Steed Lord, semur tónlistina við opunaratriði Vetrarhátíðarinnar.


MYND/ÚR EINKASAFNI

fullkomlega við verkið mitt. Það er einnig mjög gleðilegt að vinna aftur með fyrirtækinu Luxor, sem veitir mér frábæran tæknilagan stuðning við gerð verkefnisins.“

MYND OG TÓNLIST KOMA SAMAN

Eddi Egilsson, meðlimur Steed Lord, hefur verið búsettur í Bandaríkjunum undanfarin ár ásamt öðrum meðlimum hljómsveitarinnar. Hann hlakkar mikið til að spila í fyrsta skiptið einn undir listamannsnafninu Cosmos. „Músikin er mjög lifandi og á því mjög vel við listaverkið hans Marcos þar sem mynd og tónlist koma saman í gagnvirkum þrívíddarheimi. Cosmos er rafræn tónlistarsaga sem tekur áhorfandann á flug út í alheiminn. Ég mun leiða tóna í gegnum hljóðgervil, trommuheila og fleiri hljóðfæri. Ég hvet alla til að mæta og upplifa þennan skemmtilega heim með eigin augum.“

Vetrarhátíð í Reykjavík hefur verið haldin árlega frá árinu 2002 og er markmið hennar að lýsa upp mesta skammdegið á þessum dimma árstíma með ýmsum skemmtilegum viðburðum og uppákomum. Fjölbreytt dagskrá er í boði þessa daga fyrir alla aldurs hópa og er ókeypis inn á alla viðburði. Nánari upplýsingar má finna á www.vevtrarahatid.is.



Opunaratriði Marcos Zotes mun umbreyta Austurvelli í stórbrotna upplifun ljóss, lita, hreyfingar og tónlistar.

MYND/ÚR EINKASAFNI



Spænski arkitektinn Marcos Zotes samdi opunaratriði Vetrarhátíðarinnar í Reykjavík sem verður sett á fimmtudaginn.

MYND/VILHELM

Góðir Reykvíkingar

Vetrarhátíð verður að þessu sinni haldin dagana 7.–10. febrúar, eða frá fimmtudegi til sunnudags. Yfirskrift hátíðarinnar í ár er Magnað myrkur og að venju lýsir hátíðin upp vetrarmyrkrið með viðburðum og uppákomum af ýmsu tagi. Dagskráin er fjölbreytt og gefst borgarbúum og gestum tækifæri til að taka þátt í henni sér að kostnaðarlausu.

Vetrarhátíð í Reykjavík er fjölskylduskemmtun sem einkennist af sköpunargleði, hugkvæmni og listrænni tjáningu. Hátíðin verður sett á Austurvelli með verkinu „PIXEL CLOUD“ eftir arkitektinn Marcos Zotes sem umbreytir Austurvelli í stórbrötta upplifun ljóss, lita og hreyfingar við tónlist frá „Cosmos“ sem er hugarfóstur Edda Egilssonar úr Steed Lord.

Segja má að fjórar styrkar stoðir beri hátíðina uppi í ár. Þar ber fyrst að nefna Safnanótt sem nær yfir sex sveitarfélög og fjörutíu söfn. Á Safnanótt gengur safnastrætó á milli safnanna til að auðvelda gestum að heimsækja söfnin. Þá er það Sundlauganótt þar sem borgarbúum verður boðið frítt í sund



og að upplifa magnaða listviðburði sem verða í ýmsum formum í sundlaugunum. Heimsdagur barna verður í Gerðubergi og þar verða margar spennandi listasmíðjur fyrir börn og unglunga. Hátíðinni lýkur svo með Kærleikum á Austurvelli á sunnudag. Kærleikarnir minna okkur á samkenndina og allt það fallega sem tengir okkur saman. Um alla borg verða svo almenn dagskráratriði þar sem sjá má þverskurð af spennandi viðburðum. Sem dæmi má nefna að fluttur verður snjór úr Bláfjöllum í Grasagarðinn og finnski umhverfislistamaðurinn Timo Jokela mun útbúa úr honum íslistaverk. Það verður skemmtilegt að fylgjast með því.

Að lokum hvet ég alla til að mæta á Vetrarhátíð og njóta alls þess sem okkar góða borg hefur upp á að bjóða. Hátíðin hentar ungum jafnt sem öldnum og ég vona að sem flestir nýti tækifærið til samveru og skemmtunar.

Sjáumst hress og kát á Vetrarhátíð!

Jón Gnarr

borgarstjóri í Reykjavík

Umhverfið myndar tónlist

Safnanæturstrætó flytur gesti Vetrarhátíðar á milli safna að venju. Í tveimur strætisvögnum verður listahópurinn S.L.Á.T.U.R., Samtök listrænt ágengra tónsmiða umhverfis Reykjavík, með innsetningu. Áki Ásgeirsson, Jesper Pedersen og Magnús Jensson eru höfundar verksins.

„Við ætlum að koma fyrir búnáði, hátölurum og skjáum, aftast í strætóunum og tengja þá þannig saman með hljóði og mynd,“ útskýrir Áki. Vagnarnir verða því nokkurs konar framhald hvor af öðrum. „Maður sér úr einum vagninum yfir í hinn og heyrir jafnframt hljóðið í báðum vögnunum um leið. Við þetta verða til nokkurs konar ormagöng eða víthringur þar sem hljóðin fara inn í einn strætó og síðan aftur yfir í hinn.“ Listahópurinn kemur því ekki fram sem flytjandi heldur stendur fyrir þessari mynd- og hljóðinnsetningu. „Það er þó aldrei að vita nema eitthvað óvænt gerist sem við stuðlum að.“

Markmið S.L.Á.T.U.R. er að kynda undir nýmælum í tónmenningu Reykjavíkur og nágrennis. Samtökin hafa verið leiðandi í nýsköpun tónlistar og verið



Þeir Áki Ásgeirsson, Magnús Jensson og Jesper Pedersen undirbúa innsetningu sína í Strætó með því að mæla fyrir tækjabúnaðinum.

MYND/VALLI

sameiginlegur vettvangur frumlegustu tónskálda Íslands. Listahópurinn hefur meðal annars verið með uppákomur á ýmsum söfnum og galleríum í gegnum tíðina og tengist þannig vel Vetrarhátíðinni.

„Við teygjum anga okkar inn í safnaheiminn gegnum hljóðlist sem á rætur bæði í tónlistar- og myndlistarheiminum. Ýmsir, bæði með bakgrunn í tónlist og myndlist hafa verið að fást við innsetningar, hljóðgjörninga, hljóðskúlptúra, nýsmíðar í hljóðfærum og gjörningaflutningslist,“ upplýsir Áki. Því þótti hópnum tilvalið að kynna farþega Strætó fyrir þessu listformi.

„Í staðinn fyrir að koma með hljómsveit inn í strætisvagn vildum við benda fólki á alla músíkina sem er í strætó,“ segir Áki og bendir á að bæði myndlistar- og tónlistarmenn vinni margir ótullega að því að benda á listina sem þegar er til staðar í umhverfinu. „Það er jákvæð þróun. Ófugt við að setja listina á einhvern stall sem fólk þarf að horfa á úr fjarlægð, þá er maður inni í listinni og partur af því að búa hana til. Fólk sem ferðast með þessum tveimur strætisvögnum á Vetrarhátíð verður sjálfkrafa partur af verkinu.“

Bílahúsin

Opin 7-24
alla daga



www.bilastaedasjodur.is

● **SPILAVINIR VERÐA Í RÁÐHÚSINU** Spilavinir er verslun með spil og púsluspil á Langholtsvegi. Síðustu ár hafa Spilavinir mætt á bekkjarkvöld og kennt börnum og foreldrum þeirra aragrúa af spilum. Kvöldin hafa vægast sagt slegið í gegn. Markmiðið með spilakvöldum er að skapa gleði hjá foreldrum og börnum og kenna þeim að njóta samverunnar yfir skemmtilegu spili.

Spilavinir verða nú í Ráðhúsinu á Vetrarhátíð 9. og 10. febrúar frá 13 til 17. Hinir stórskemmtilegu og reyndu starfsmenn Spilavina mæta á svæðið með úrval borðspila og smáspila sem þeir munu kenna gestum og gangandi.

Spil eru ódýr og skemmtileg afþreying sem kynslóðirnar geta auðveldlega sameinast um.

Spilavinir hvetja alla – börn, foreldra, afa, ömmur og góða vini, til að taka þátt í þessum skemmtilega viðburði sem sameinar alla í fjölskylduvænum borðspilum.



● **SKUGGASKÓGUR Í ÖSKJUHLÍÐ** Massimo Santanicchia, kennari í arkitektúr við Listaháskóla Íslands, fékk þá hugmynd að lýsa upp skóginn í Öskjuhlíðinni og gefa fólki færi á að upplifa hann í nýju ljósi. „Ég hef oft farið í skóginn í Öskjuhlíð í vetur og þar er aldrei neinn á ferli. Fólk fer ekki inn í hann í myrkri, svo mér datt í huga að gefa því færi á því að njóta skógargöngu í myrkrunu með því að planta litlum ljósum hér og þar og búa til skuggaskóg,“ segir Massimo.

Það er Osram sem styrkir verkefnið og lætur til LED-perur sem fá orku sína úr rafhlöðum. Leiðsögufólk

frá Skógræktarfélagi Reykjavíkur mun svo bjóða upp á leiðsögn um svæðið og er fólk hvatt til að hafa vasaljós með sér. „Við búum í borg þar sem ljósmengun er mikil en í skóginum er myrkur. Með ljósum langar mig að undirstrika náttúru skógarins betur, en ljósin skapa skugga sem stækka hann, ýkja og draga fram náttúruna.“

Föstudag, laugardag og sunnudag frá 18 til 19 og frá 20 til 21 verða farnar ævintýraferðir um kynjaveröld Öskjuhlíðar með leiðsögn. Hver ganga hefst við kaffihúsið Nauthól Bistro, Nauthólsvogi 106, og endar við Perluna.



Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
Foreldrum og keirvöldum
þer að tryggja öryggi barna

FIMMTUDAGUR 7. FEBRÚAR

19.30-20.00

Opnunaratriði Vetrarhátíðar í Reykjavík 2013

Jón Gnarr borgarstjóri setur Vetrarhátíð í Reykjavík. Opnunarverk hátíðarinnar „PIXEL CLOUD“ eftir arkitektinn Marcos Zotes umbreytir Austurvelli í stórbrotna upplifun ljóss, lita og hreyfingar við tónlist frá „Cosmos“ sem er verk efni Edda Egilssonar. Við Austurvöll

20.30-21.00

Tarmo

Finnskur tónlistarmaður. Blanda af vest- og austrænum tönnum, frá fólktónlist til elektró. Café Haíti, Geirsgata 7b

20.15-20.45

Dúettinn Hringanóri

Unnur Sara Eldjárn og Gréta Rún Snorradóttir flytja íslensk þjóðlög eftir þekkt tónskáld í bland við frumsamið efni. Dómkirkjan, Lækjargata 14a

20.30-21.20

Við Reykjavíkurtjörn – íslensk dægurlög

Gerður Bolladóttir sópran og Rúnar Þórisson gítarleikari flytja úrval íslenskra dægurlaga. Fríkirkjan, Fríkirkjuvegi

20.15-21.00

Fimmtudagsforleikur – Hide Your Kids

Rokk, magnaðir tónleikar. Fríir diskar í boði. Hitt húsið

21.00-22.00 og 22.00-22.40

Tónleikar með hljómsveitinni Famina Futura og Una Stefáns

Áhugaverð folk- og kántrýtónlist. Þær raddir hafa heyrst að Una sé hin

íslenska Adele. Hressingarskálinn, Austurstræti 20

20.30-22.00

Take me to the world

Hallveig Rúnarsdóttir sópran og Hrönn Þráinsdóttir píanóleikari kanna víðilendur söngleikja- og kabarett-heimsins. Iðnó, Vonarstræti 3

20.15-21.00

Gímaldín og félagar

Félagarnir ætla að spila íslenska blúsinn. Íslenski Barinn, við Austurvöll

20.30-21.30

Augu Gláms í myrkrinu

Jazzkvintett Jóhönnu Þórhalls spilar og Óttar Guðmundsson segir sögur

af draugagangi og myrkfælni í lífi Grettis Ásmundarsonar og Gísla Súrsónar. Restaurant Reykjavík, Vesturgata 2

20.30-21.30

Magnað Myrkur 2, Endurkoma Myrkursins

Jón Þór Sigurleifsson spilar frumsam-in lög á kassagítar ásamt endurútsettum þungarokkslögum fyrir einleikskassagítar. Stofan, Aðalstræti 7

21.00-24.00

Svefntónleikar í Tjarnarsal

Í lok dags er gott að leggjast niður og tæma hugann. Boðið upp á liggjandi tónleika í myrkvuðum Tjarnarsal. Ráðhús Reykjavíkur, Tjarnargata 11

FIMMTUDAGUR 7. FEBRÚAR

20.00-00.30

Salsakvöld með Salsalceland

Ókeypis prufutími fyrir byrjendur kl. 20.00. 21-22 eru „Taxi-dansarar“ á svæðinu. Salsadansarar á vegum Salsalceland dansa við byrjendur. Thorvaldsen, við Austurvöll

20.30-23.30

Með blóði vættan góm

Bókmenntaborgin Reykjavík og Rúnatýr verða með hrollvekjandi dagskrá um vampíur og aðrar myrkar verur. Spjall, upplestur, ljósmyndasýning Guðmundar Óla Pálmasonar (aka Heldriver) og kvikmyndin Nosferatu sýnd kl. 22. Bíó Paradís, Hverfisgata 54

20.00-22.00

Listaverk á glugga

Íslenskir listamenn varpa hreyfimyndum á glugga Norræna hússins. Norræna húsið, Sturlugata 5

FÖSTUDAGUR 8. FEBRÚAR

16.00-20.00

Heimboð á Bessastaði

Leiðsögn um elstu staðarhúsin á Bessastöðum, Bessastaðastofa og kirkjan voru reist á 18. öld. Unnt verður að skoða muni og mannvirki sem fundust við fornleifarannsókn, gjafir til forseta og fyrsta forsetabíl. Bessastaðir

17.00-17.20, 17.30-17.50 og 18.00-18.20

Nornasögustundir

Sagðar verða nornasögur í rökkrinu í barnaeildinni. Borgarbókasafn, Tryggvagata 15

18.00, 20.00 og 22.00

Bilaðar myndir

Sýndar verða vel valdar og bilaðar kvikmyndir í Kamesinu. Borgarbókasafn, Tryggvagata 15

17.00-22.30

Vasaljós í myrkri

Önnur hæð verður myrkvuð, gestir fá vasaljós til að komast leiðar sinnar og finna þá fjársjóði sem leynast í hillum. Borgarbókasafn, Tryggvagata 15.

10.00-10.30, 13.00-13.30 og 14.00-14.30

Myrkrasögur í sögubílum Æringja

Nornin Nína býður upp á magnaðar og mjúkar myrkrasögur. Borgarbókasafnið, Ingólfstorg

15.00-19.00

Snjóhúsaferð og ljósaganga

Ævintýraleiðangur í Bláfjöll þar sem gerðar verða snjótílaunir og lærum að búa til alvöru snjóhús. Setjum svo

á okkur höfuðljós og skoðum hinn magnaða Eldborgargíg í myrkri. Nauðsynlegt er að mæta vel klæddur með skóflur, ljós og nesti. Brottför á einkabílum frá skrifstofu Ferðafélags Íslands, Mörkinni 6

19.00-22.00

Þreifað í myrkri

Í litlu myrkvuðu rými fá gestir tækifæri til að skynja ólík form og áferðir. Kirsu-berjatréd, Vesturgata 4

19.00-22.00

Málverkasýning

Soffía Sæmundsdóttir myndlistarmaður sýnir. Kirsu-berjatréd, Vesturgata 4

LAUGARDAGUR 9. FEBRÚAR

14.00-16.00

Opnunarhátíð Aikido og Ju Jitsu-félags Reykjavíkur

Sjálfsvörn í Reykjavík. Gestum boðið að taka þátt í stuttum og léttum æfingum auk sýninga. Aikido – Jiu Jitsu Dojo, Ármúla 19

14.00-16.00

„Böska“ í borginni

Rás 2 kynnrir tónlistarmenn sem ætla að „Böska“ saman. Þar á meðal verða Snorri Helgason, Svavar Knútur, Jón Jónsson, Heiða Eiríksdóttir, Dóri Fjalla-bróðir og fleiri góðir gestir. Bein útsending verður á Rás 2. Café Haíti, Tapashúsið og Kolaportið

Hiphoppdanstímar

14.00-14.45 Kynning á hiphoppdansi fyrir 13 ára og yngri.

14.45-15.30 Kynning á hiphoppdansi fyrir 14 ára og eldri. Dans Brynju Péturs, ÍR-heimilinu, Skógarseli 12

16.00-17.30

Breikdanstímar

16.00-16.45 Kynning á breikdansi fyrir 13 ára og yngri.

16.45-17.30 Kynning á breikdansi fyrir 14 ára og eldri. Dans Brynju Péturs í danssal Selásbraut 98

15.00-17.00

Ljósaball fyrir börn á öllum aldri

Ljós og skuggar skreyta rýmið og skemmtileg tónlist verður spiluð. Barnadanskennarar leiða leiki og hóp-dans á milli þess að fjölskyldan dansar frjálst saman. Dansverkstæðið, Skúlagata 30

14.00-18.00

Furðusögur á Flóamarkaði

Kristín G. Magnús leikkona segir sögur sem tengjast ýmsum hlutum á flóamarkaðinum. Flóamarkaðurinn, Baldursgata 37

14.00-18.00

Sýning og Grafíkvinamyndin

Listamaður Grafíkvina 2013, Elva Hreiðarsdóttir, sýnir og einnig verða grafíkvinamyndir afhentar. Grafíksafn Íslands, Tryggvagata 17, hafnarmegin

17.00-18.00

Myrkur í tali og tónum

Úlfhildur Dagsdóttir og finnsku tónlistarmennirnir í Vetrarbandalaginu, Matti Kallio, Lassi Logrén og Matti Latinen, leiða saman myrka hesta sína í tali og tónlist. Hannesarholt, Grundarstígur 10

20.00-22.00

Hún, hún, þeir & það fjöllista-skemmtihópur

Sirkuspiltar og dansstelpur sameina krafta sína í þessu dans- og skemmtiatriði þar sem skyggst er inn í heim venjulegs vinahóps. Hitt húsið

12.00-18.00

Alls konar list

Sigrún Erna Sigurðardóttir og Birna María Stiff sýna alls konar verk út frá margslungnum hugmyndum, saman og sér. Hitt húsið

18.00-20.00

Heilsaðu upp á gömlu meistarana

Hótel Holt er með eitt fallegasta einkasafn listaverka gömlu meistaranna. Snorri hótelstjóri leiðir gesti í gegnum hótelíð og segir sögu málverkanna. Hótel Holt, Bergstaðastræti 37

14.00-15.00

Speed Dance

Hefurðu áhuga á breikdansi, Bollywood eða lindy hop? Á ýmsum stöðum í Kringlunni verður hægt að fara á milli og taka þátt í stuttum dansnámskeiðum. Verslunarmiðstöðin Kringlan, Kringlusafn

15.00-17.00

Listamanna- og sýningarstjóra-spjall

Panel með erlendum gestasýningarstjórum. Norræna húsið, Sturlugata 5

14.00-15.30

Ensk tónlist

Pematónleikar þar sem áhersla er lögð á samspil nemendanna. Nýi tónlistarskólinn, Grensásvegi 3

13.00-20.00

Sýning á verkum Ljósmyndaskólans

Afrakstur fimm anna náms í skapandi ljósmyndun. Verk af ýmsum toga. Saltfélagshúsinu, Grandagarður 2

HLAÐAN GUFUNESVEGI

13.00-17.00

MYSTERIUM – RÁÐGÁTA

Komdu, upplifðu, túlkaðu og skynjaðu

sterk og litrík málverk! Hulda Hlín Magnúsdóttir listmálari.

13.00-17.00

VATN

Pólska ljósmyndarafélagið á Íslandi „Pozytywni“ sýnir svarthvíta ljósmyndasýningu.

16.00-17.00

AÐVENTA

Einleikurinn Aðventa segir frá svaðilföllum vinnumannsins Benedikts sem fer til fjalla í vetrarriki aðventunnar til að leita þess fjár sem eftir varð er smalað var um haustið.

14.00-14.45

Robert the Roommate

Sveitin hefur lagt metnað í að búa til sínar eigin útgáfur af hinum ýmsu perlum rokk- og poppsögunnar.

RÁÐHÚS REYKJAVÍKUR, TJARNARGATA 11

13.00-13.10

Yngri street-danshópur Brynju Péturs

Dansar hiphopp, breik og popping.

13.30-14.00

TANYA og zumba-dívurnar frá HRESS Sýning á country/celtic, salsa/cumbia og Bollywood.

14.20-15.00

Sunny Side Road

Tónleikar með hljómsveitinni Sunny Side Road.

15.30-16.30

Salsasýningar og salsadans frá Salsalceland

Gestum boðið upp í dans. Kennð verða grunnspor í salsa. Salsarið Mike og Snæfríður úr DansDansDans stígur á svið ásamt nemendasýningarhópi skólans.

16.30-17.00

Listdanssýning frá Danslistarskóla JSB

Sýnd verða dansverkin Vetur eftir Söndru Ómarsdóttur og Verði þér að góðu eftir Katrínu Ingvadóttur.

13.00-17.00

Langar þig að læra að ljúga, blekkja og svindla í spilum?

Þetta eru mikilvægir eiginleikar í nokkrum stórskemmtilegum spilum sem Spilavinir kenna ásamt fullt af öðrum spilum fyrir alla fjölskylduna.

SUNNUDAGUR 10. FEBRÚAR

14.30-15.00 og 16.00-16.30

Myrkrasögur í sögubílum Æringja

Nornin Nína býður upp á magnaðar og mjúkar myrkrasögur. Ingólfstorg, Borgarbókasafn

15.00-16.30

Bolla bolla

Komið og búið til skautlega bolluvendi fyrir bolludaginn. Borgarbókasafn, Tryggvagötu 15

14.00-18.00

Sýning og Grafíkvinamyndin Listamaður Grafíkvina 2013, Elva Hreiðarsdóttir sýnir verk sín og grafíkvinamyndir verða afhentar. Grafíksafn Íslands, Tryggvagata 17, hafnarmegin

14.00-16.30

Öskupokinn

Sól í Tógó heldur öskupokasauma-stund. Tóta og trúðurinn Gjóla leiðbeina við saumaskapinn. IÐA Kaffihús, Vesturgata 2a

10.00-15.00

Komdu þér út úr Myrkrinu

Veggspjaldasýning með mismunandi myndum til að vekja athygli á ákveðnu málefni ásamt tónlist frá framaní löndum. Listasafn Reykjavíkur, Tryggvagata 17

15.00-16.10

Rókkóstund

Farið verður aftur til rókkótímans á 18. öld. Unnur Guðjónsdóttir mun dansa hofdans við tónlist eftir Mozart. Sagt verður frá síðum tímans og drukkið te frá Kína. 11 ára og eldri. KÍNAKLÚBBUR UNNAR, Njálsgata 33

14.00-17.00

Slökun og endurnæring

Gong næring, hugleiðsla og einingar- blesun. Ljósheimar, Borgartúni 3

14.00-18.00

Borderlines ljósmyndasýning

Verk eftir íslenska listamenn og alþjóðlega listamenn. Norræna húsið, Sturlugata 5

HLAÐAN GUFUNESVEGI

13.00-17.00

MYSTERIUM – RÁÐGÁTA

Komdu, upplifðu, túlkaðu og skynjaðu sterk og litrík málverk! Hulda Hlín Magnúsdóttir.

13.00-17.00

VATN

Pólska ljósmyndarafélagið á Íslandi „Pozytywni“ sýnir svarthvíta ljósmyndasýningu.

14.00-14.30 & 15.00-15.30

Birta vetrarins

Katla Þórarinsdóttir, dansari og loftfímmleikakona, leikur listir sínar í snjóhvítu silki. Rýmið auðgað og andrúmsloftið þar sem hún hreyfist draumkennt fyrir ofan gesti.

**RÁÐHÚS REYKJAVÍKUR,
TJARNARGATA 11****13.00-13.30****Balkandansar**

Sungin verða búlgörsk þjóðlög og sýndir búlgarskir þjóðdansar. Kennð verða einföld dansspor og áhorfendur fá að taka þátt í dansinum.

14.00-15.30**Kjuregej og félagar**

Tónleikar listakonunnar Kjuregej ásamt félagum sínum Charles Ross, Halldóri Warén og gestahljóðfæraleikum. Tónlist m.a. frá Jakútiú ásamt íslenskum og rússneskum sönglögum.

15.50-16.10**Alþjóðlegir hringdansar, línudans og sorba**

Félagar í Íþróttafélaginu Glóð í Kópavogi sýna dansatriði sem unnið er úr alþjóðlegum hringdönsum, línudansi og sorba.

13.00-17.00**Langar þig að læra að ljúga, blekkja og svindla í spilum?**

Þetta eru mikilvægir eiginleikar í nokkrum stórskemmtilegum spilum sem Spilavinir kenna ásamt fullt af öðrum spilum fyrir alla fjölskylduna.

STENDUR YFIR ALLA HÁTÍÐINA**18.00-19.00 & 20.00-21.00****Skuggaskógur í Öskjuhlíð**

Massimo Santanicchia og Osram bjóða upp á spennandi ævintýraferð um kynjaveröld Öskjuhlíðar sem hefst við Nauthól og endar við Perluna með leiðsögufólki frá Skógræktarfélagi Reykjavíkur. Hér fær skógurinn aðra ásjónu í samspili ljóss og skugga. Takið með ykkur vasaljós! Nauthólsvegur 106

Sjá opnunartíma Alliance française Hulinhjálmur

Listakona frá Frakklandi tengir saman það lífræna og ólífræna í íslenskri náttúru. Alliance française, Tryggvagötu 8

Sjá opnunartíma Borgarbókasafns

Nordiccomics Islands – sýning Norrænar myndasögur verða til sýnis, þ.á.m. höfundar frá Íslandi, Grænlandi og Álandseyjum. Borgarbókasafn, Tryggvagata 15

Sjá opnunartíma Norræna hússins.

Alþjóðlega vídeóhátíðin 700IS Hreindýraland, sýning á verkum eftir alþjóðlega listamenn. Salurinn í Norræna húsinu, Sturlugata 5

11.00-18.00 föstudag, 11.00-16.00 laugardag & sunnudag HÚM

Sædís Bauer Halldórsdóttir gullsmiður og Bjarni Sigurðsson leirlistamaður. Gallerí Sædís gullsmiðja, Geirsgata 5b

13.00-20.00**Sýning á verkum Ljósmyndaskólans**

Afrakstur fimm anna náms í skapandi ljósmyndun. Verk af ýmsum toga. Saltfélagshúsinu, Grandagarður 2

KÆRLEIKAR**17.00-18.00****Lokaatriði Vetrarhátíðar**

Markmið Kærleikanna sem listamaðurinn Bergljót Arnalds stendur fyrir er að efla samkennd, hlýju og kærleika í samfélaginu. Vilborg Arna Gissuradóttir suðurpólsfari mun koma og segja nokkur orð. Eldgleypar verða á staðnum, Sóla sögukona, Leikhópurinn Perlan, Sönglist, Björgunarsveitirnar ásamt fjölda góðra gesta. Börnum verður boðin andlitsmálun í boði Andlitsmálunar Öldu Brynju. Hist verður fyrir framan stytta Jóns Sigurðssonar. Þaðan verður gengið í Kærleiksgöngu og mun Lúðrasveitin Svanurinn leiða gönguna. Endað verður fyrir framan leikhúsið Iðnó þar sem Vocal Project undir stjórn Matta Sax syngur. Í lokin býður Mjólkursamsalan og leikhúsið Iðnó upp á heitt súkkulaði fyrir þá sem vilja hlýju í kroppinn. Einkennislitur hátíðarinnar er rauður og fá allir þeir sem vilja hjörta sem börn á frístundaheimilum hafa búið til. Austurvöllur

18.00-22.00 föstudag til sunnudag**Grænt ljós 2**

Hrár salurinn myndar fjölbreytt samtal milli verks og áhorfenda. Birgir Sigurðsson myndlistarmaður, höfundur tónverks Oddur Garðarsson. Myndhöggvarafélagið í Reykjavík, Nýlendugata 15

11.00-18.00 föstudag, laugardag og sunnudag Ljósmyndasýning á verkum Timo Jokela

Ljósmyndir af verkum sem unnin eru með náttúrulegum efnum s.s. tré, snjög og ís. Ráðhús Reykjavíkur

Safnanótt

föstudaginn 8. febrúar

SAFNASTRÆTÓ – SJÁ BLS. 2**19.00-20.00****Vikingar úr Sögusafni Perlunnar verða á vappi um strætó****20.00-23.00**

S.L.Á.T.U.R., verkefni Samtaka listrænt ágengra tónskálda umhverfis Reykjavíkur, miðar að því að búa til einhvers konar ormagöng milli strætisvagna.

19.00-20.00**Gjörningur**

Kristín Helga Káradóttir verður með gjörning í strætó og í Norræna húsinu.

**ALLIANCE FRANÇAISE,
TRYGGVAGATA 8****19.00-23.00****Hulinhjálmur – opnun**

Listakona frá Frakklandi tengir saman það lífræna og ólífræna í íslenskri náttúru.

**ÁRBÆJARSÁFN,
LÆKJARGÖTUSALUR****20.00-20.40****Ljóðahópur frá Gjábakka**

Hópurinn flytur ljóð, ræðir um bragarhætti og myndmál og ástæður þess að fólk semur ljóð.

21.00-21.40**Útjógá**

Ragnheiður Ýr Grétarsdóttir jóga-kennari kynnir útjógá í og við náttúruperluna Elliðaárdal.

22.00-22.40**Dúettinn Hringanóri**

Frumsamín lög og sérstaklega útsett þjóðlög fyrir söng, gítar og selló.

23.00-23.40**Rökkurleiðsögn**

Gengið um og frásagnir sagðar sem kunna að vekja óhug og hrylling.

**ÁSMUNDARSÁFN – LISTASAFN
REYKJAVÍKUR, SIGTÚN****19.00-24.00****Sköpum stjörnur – kviksjársmiðja**

Geimþráin er forvitnileg tilfinning sem margir kannast við.

21.00-22.00**Leiðsögn um sýninguna Inn í kviku**

Áhersla á að draga fram ýmsa átakaþætti í lífi og ævi Ásmundar í samtali við verk hans.

22.00-22.30**Blikandi stjörnur**

Sönghópurinn er landspektur gleðigjafi og hefur komið fram á listahátíðum fatlaðra víða erlendis.

19.00-24.00**Hugsað í formum**

Í píramídanum er endurgerð af vinnustofu Ásmundar þar sem ljósi er varpað á vinnuáðstöðu hans.

**BORGARBÓKASAFN,
TRYGGVAGATA 15****20.30-22.30****Ljóðaslamm – Bilun**

Ungt fólk 15-25 ára etur kappi í ljóðlist. Þemað er bilun.

21.30**Ljóðaslamm**

Christian Ritter, þýskur ljóðaslammari og gestur keppinnar í ár, kemur fram í hléi.

23.00-23.30**Something the Place Suggested**

Innsetning eftir danshópin Raven. Dansarar eru þær Clara Folenius og Ellen Harpa Kristinsdóttir.

**BORGARSKJALASAFN REYKJAVÍKUR,
TRYGGVAGATA 15****19.00-24.00****Skjalaskot af íþróttasögu höfuðborgarinnar**

Sýning á skjölum, ljósmyndum og munum sem tengjast íþróttafélaginu Víkingi, mótörhjóla klúbbum Eldingu, Melavelli, Trukkaklúbbi TBR og fleiru.

19.00-24.00**Leynist íþróttasaga Reykjavíkur á heimili þínu?**

Íþróttafélög hafa verið hvött til að afhenda skjöl til varðveislu og hefur verið reynt að hafa upp á skjölum eldri félaga. Gestum gefst kostur á að koma með skjöl til varðveislu.

19.00-20.00**Hver er á myndinni? Íþróttamyndir rýndar**

Safnið leitar til almennings með að þekkja fólk og atburði á íþróttamyndum fyrri ára.

20.00-20.30**Sigurbjörn Þorkelsson rithöfundur flytur erindi um dauðann**

Ég á mér draum um betra líf og betri heim. Þar sem allir eru virtir, hver á sínum stað, í sinni stétt og stöðu. Og dauðinn er aðeins upphaf að betri tíð.

20.00-21.00**Ljósmyndir frá Golfklúbbi Reykjavíkur**

Hjálpið starfsmanni að þekkja fólk og atburði á ljósmyndunum. Golfarar sérstaklega hvattir til að heimsækja safnið.

21.00-21.30**Björn Hróarsson fer með nútíma-draugasögur**

Jarðfræðingurinn og rithöfundurinn lýsir draugagangi í nútímanum með áhrifamiklum sögum úr bók sinni Narfa.

21.45-23.00**Íþróttasaga Reykjavíkur í ljósmyndum á tjaldi – fyrir 1980**

Kíkið við! Setjist niður með kaffisopa og rifjið upp minningar með vinum og vandamönnum.

22.00-22.45**Jón Þór Sigurleifsson, einleikur á rafgítar**

Frumflutt verður einleiksverk samið fyrir átta strengja rafgítar. Tónsmíðarnar eru minimalískar en áhrifamiklar, drungalegar á köflum en fallegar á öðrum.

23.00-23.45**Íþróttasaga Reykjavíkur í ljósmyndum á tjaldi – eftir 1980****BÓKASAFN GARÐABÆJAR,
GARÐATORGI 7****19.30-20.00****Leikspuni nema af leiklistarbraut FG**

Nemendur verða með uppákomu fyrir börn á öllum aldri.

20.45-21.12**Klippt og skorið**

Fyrirlestur um „Skapandi bókverk“ með Sigurborgu Stefánsdóttur myndlistarkonu. Kynning á verkum „Arkanna“.

21.45-22.15**Breimleikar á Bókasafninu**

Svavar Knútur heldur stutta og skemmtilega tónleika.

**BÓKASAFN GARÐABÆJAR – ÚTIBÚ
ÁLFTANESI, ÁLFTANESSKÓLA****19.30-19.50****Sönghópurinn Sönglist**

Stúlkur úr Álftanesskóla taka nokkur lög undir stjórn Guðrúnar Árnýjar Karlsdóttur.

20.30-21.00**Menning á Álftanesi fyrr og nú**

Anna Ólafsdóttir Björnsson, tölvunar- og sagnfræðingur, verður með fyrirlestur.

**BÓKASAFN HAFNARFJARÐAR,
STRANDGATA 1****19.00-24.00****Dúkkulísurnar**

Hljómsveitin Dúkkulísurnar sýnir muni frá ferli sínum. Hver man ekki eftir „Pamela í Dallas“?

19.00-24.00**Hraunið í myrkrinu**

Helga Ingólfssdóttir sýnir handverk unnið úr hrauni og notast meðal annars við lýsingu.

19.00-24.00**Sýning leikskólalabarna**

Börn frá leikskólanum Hvammi sýna verk undir yfirskriftinni „Magnað myrkrur“.

19.00-24.00**Rattleikur um bókasafnið**

Skemmtileg leið til að skapa spennu og laða fram keppnisskapið. Vegleg verðlaun og allir fá glaðning.

19.00-20.30**Spáð í spilin**

Sigríður Klingenberg spáir fyrir fólk.

19.30-20.30**Renn wenn du kannst**

Kvikmyndasýning á vegum Goethe-Institut.

20.30-21.00**Karlakór Sjómannaskólans**

40 manna kór sem vann söngkeppni framhaldsskólanna árið 2012.

20.30-22.00**Drei**

Kvikmyndasýning á vegum Goethe-Institut. Myndin fjallar um par á fimmtugsaldri sem verður ástfangið af sama manningum.

22.00-23.00**Cease Tone**

Hafsteinn Þráinsson tekur lagið og kynnir um leið disk sinn „Pandora's Music Box“.

**BÓKASAFN KÓPAVOGS,
HAMRABORG 6A****19.30-20.00 & 20.30-21.00****Einar einstaki**

Töframaðurinn skemmtir börnum.

20.00-22.00**Sírrý spákona**

Spákonan Sírrý spáir fyrir gestum.

21.30-22.00**Kristján Frímansson**

Rætt verður um drauma við gesti og gangandi.

23.00-23.30**Svavar Knútur með lifandi tónlist****BÓKASAFN SELTJARNARNESS,
EIÐISTORGI****19.30-24.00****Sýningaropnun**

Nýstárleg hönnun á lömpum, ljósum og lýsingu fær sín notið í myrkurum salnum. Leitað verður leiða við að kynna ólík lýsingarform.

20.00-22.00**Fjölskyldusmiðja**

Þáttakendur vinna verkefni tengd sköpun á eigin ljósi á sínum hraða með hönnuði og leiðbeinendum.

20.00-20.30 & 22.00-22.30**Leiðsögn og spjall**

Kynnt verða hefðbundin og óhefðbundin ljós og lýsing.

20.45-21.00
Meistari Jakob

Unglingakór innan Valhúsaskóla flytur lög sem eru vinsæl hjá ungu kynslóðinni.

21.15-21.45
Salsamafían

Danshópurinn er nýkominn heim frá Kúbu. Fulltrúar hópsins sýna nýjstu taktana og bjóða gestum að stíga með sér dans.

BYGGÐASAFN HAFNARFJARÐAR, PAKKHÚSIÐ, VESTURGATA 6**19.00-24.00****Þrjá sýningar í einu húsi**

Stuttar leiðsagnir um Pakkhúsið og fastasýninguna „Þannig var“. Þemasýningin „Í anda káþólskrar mannuðar, saga St. Jósefsspítala“ og leikfangasýningin á efstu hæð Pakkhússins.

19.00-24.00**Ljósagangur Iðnskólans – Matrix**

Nemendur framkvæma ljósagjöfning.

20.00-21.00**Sagnakvöld Byggðsafnsins**

Sigurborg og Sigurbjörg segja sögur af ömmum og fleiri góðum konum sem fáir hafa heyrt áður og bregða upp svipmyndum af lífi genginna kynslóða.

19.00-24.00**Verslunarminjasýning í Beggubúð**

Verslunarminjasýning í verslunarhúsinu Beggubúð sem byggt var 1906.

19.00-24.00**Hús og saga Bjarna Sívertsens og fjölskyldu**

Elsta hús Hafnarfjarðar til sýnis. Sívertsens-húsið var byggt á árunum 1803-1805. Bjarni rak útgerð, verslun og skipasmíðastöð.

21.00-22.00**Töfrar og dulúð með Siggú Kling**

Sigga tekur á móti gestum og töfrar fram dulúð og kallar á andana í Sívertsenshúsi.

GERÐARSAFN – LISTASAFN KÓPAVOGS**19.00-23.00****Tónn í öldu – fyrir börnin**

Barnaleikir í fylgd með fullorðnum. Börn fá verkefni til að leysa í tengslum við sýninguna Tónn í öldu. Á neðri hæðinni verður í gangi myndbandsverkið Afturgöngur sem er leikbrúðu-ópera.

19.00-20.00**Leiðsögn um sýninguna Tónn í öldu**

Helgi Þorgils Friðjónsson listamaður verður með leiðsögn.

22.00-22.30**Spunaverk nemenda Listdansskóla Íslands**

Flutt verður spunaverk unnið út frá sýningu Helga Þorgils Friðjónssonar Tónn í öldu.

GLJÚFRASTEINN, MOSFELLSBÆ**21.00-22.00****Snorri Helgason og Silla spila þjóðlagapopp**

Þjóðlagapoppbræðingur þar sem sterkar melódíur og kassagítar eru í forgrunni.

GRAFÍKSAFN ÍSLANDS, TRYGGVAGATA 17, HAFNARMEGI**19.00-24.00****Grafíkvinamyndin og Stafarugl**

Listamaður Grafíkvina 2013, Elva Hreiðarsdóttir, sýnir verk sín og grafíkvinamyndir afhentar. Gestir geta

brykkt bókstafinn sinn og myndað saman innsetninguna „stafarugl“.

HAFNARBORG, MENNINGAR- OG LISTAMIÐSTÖÐ, STRANDGATA 34**19.00-24.00****Aðdráttarafli, hringlaga hreyfing**

Gestir geta verið þátttakendur í verki Bjarkar Viggósdóttur. Hver og einn getur svifið inn í sitt persónulega rými og skynjað umhverfi safnsins frá alveg óvæntu sjónarhorni.

19.00-24.00**Ingólfur Arnarsson – Teikningar**

Teikningarnar einkennast af fíngerðum línunum, nákvæmni og tíma. Þar á meðal er röð fjörutíu teikninga sem mynda eina grátóna heild.

20.00-20.30**Aðdráttarafli, hringlaga hreyfing**

Fjölskylduleiðsögn um sýningu Bjarkar Viggósdóttur þar sem gestir gerast þátttakendur í listaverkinu og upplifa sýningarsalinn á nýstárlegan hátt.

20.00-22.00**Leiðsögn um geymslur safnsins**

Skyggst á bak við tjöldin í fylgd starfsmanna. Hver heimsókn er stutt, hámark tíu gestir í einu.

20.30-21.00**Listamannspjall – Teikningar**

Ingólfur Arnarsson ræðir við gesti um sýninguna.

21.00-21.30**Listamannspjall – Aðdráttarafli**

Björk Viggósdóttir ræðir við gesti um sýninguna Aðdráttarafli, hringlaga hreyfing.

22.00**Tónlist í aðalsal****HAFNARHÚS – LISTASAFN REYKJAVÍK, TRYGGVAGATA 17****19.00-24.00****Kvikmyndasýning**

Valdar stuttmyndir undir handleiðslu Ryan Parteka. Unnið í samvinnu við Kvikmyndafræði við Háskóla Íslands og Listasafn Reykjavíkur.

19.30-20.15**Ofurhetjuleiðangur um safn fyrir krakka****21.00-22.00****Leiðsögn og spjall**

Leiðsögn og spjall um sýningar í Hafnarhúsinu.

19.00-24.00**Robert Smithson – Rýnt í landslag**

Robert Smithson er þekktastur sem einn af upphafsmönnum umhverfislístar (Land Art).

19.00-24.00**Ívar Valgarðsson – Til spillis**

Hver eru mörk þess að skapa eða skemma? Listamaður sem málar mynd er að skapa. Er hann í leiðinni að skemma eða spilla málningunni?

19.00-24.00**Erró – Grafíkverk 1949-2009**

Á sýningunni er að finna heildstætt yfirlit yfir grafíkverkin.

HÉRAÐSSKJALASAFN KÓPAVOGS, DIGRANESVEGI 7**19.00-24.00****Sýning nýrra húsakynna**

Sýning á skjölum tengdum íþróttastarfi. Tafleild Breiðabliks verður á staðnum. Sögufélag Kópavogs sýnir gamlar myndir og rabbar um fyrri tíð.

HÖNNUNARSAFN ÍSLANDS, GARÐATORGI 1**20.00-24.00****Opnun sýningarinnar Innlit í Glit**

Sýning um Leirbrennsluna Glit sem stofnuð var árið 1958.

20.30-22.30**Leir renndur**

Hægt verður að fylgjast með íslenskum leirlistamanni renna leir á rennslubekk.

20.00-24.00**Verkstæðið**

Gestir geta mótað smámuni úr leir og skilið eftir. Sýnishorn af íslenskum leir frá Fagra-Dal á Skarðsströnd til sýnis.

KJARVALSSTAÐIR – LISTASAFN REYKJAVÍKUR, FLÓKAGATA 24**19.30-20.30****Rannsóknarleiðangur fyrir krakka**

Leiðangur um sýninguna Flæði þar sem listin er könnuð frá ýmsum hliðum með ólíkum aðferðum.

21.00-21.30 & 22.00-22.30**Flæði – Á bak við tjöldin**

Leiðsögn þar sem starfsfólk kynnir þá rannsókn sem fer fram í tengslum við sýninguna.

21.30-22.00**Jaðarber bíður í berjamó**

Tinna Þorsteinsdóttir kynnir tónleikaröðina „Jaðarber“ sem unnin er í samstarfi við Listasafn Reykjavíkur.

22.30-23.30**Íslenski flautukórinn á djúpum nótum**

Flutt verða tónverk þar sem myrkríð tekst á við birtuna.

19.00-24.00**Mynd af heild**

Verk eftir Jóhannes S. Kjarval í eigu Listasafns Reykjavíkur verða dregin fram í dagsljósið.

KRÓKUR Á GARÐAHOLTI, VIÐ GATNAMÓT GARÐAVEGAR OG GARÐAHOLTSVEG**19.00-24.00****Opið hús**

Lítil búrjúrnslæddur burstabær sem var endurbýggður úr torfbæ árið 1923.

LANDNÁMSSÝNINGIN Í AÐALSTRÆTI 16**19.00-23.00****Einherjar, Víkingafélag Reykjavíkur**

Komið og sjáið vel útbúna víkinga í bland við fornminjar frá landnámsöld.

21.00-23.00**Taktu þátt! Smástundarsafnið skýtur upp kollinum**

Hverju safnar þú? Frímerkjum? Skopparaboltum? Komdu með sýnishorn úr þínu safni.

20.00-21.00**Skúli minn**

Sérstakir gestir munu halda uppi léttu spjalli um eigin sýn á Skúla Magnússon og Innréttingarnar í Reykjavík á átjándu öld.

20.00-23.00**Íslenskir eldismiðir**

Íslenskir eldismiðir verða að störfum í Fógetagarði (Víkurgarði).

LISTKENNLUDEILD LISTAHÁSKÓLA ÍSLANDS Í HÚSDÝRA-GARÐINUM OG GRASAGARÐI**19.00-19.40****Heimsókn í myrkri**

Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn býður í heimsókn til dýranna. Leið-

sögumaður kemur að hliði Fjölskyldu- og húsdýragarðsins og leiðir áhugasama í gegnum gripahúsin.

19.00-21.00**Umhverfislist í Grasagarðinum**

Finnski umhverfislistamaðurinn Timo Jokela sýnir verk í samstarfi við Listaháskóla Íslands. Verkin eru unnin með náttúrulegum efnum, s.s. tré, snjög og ís.

19.00-21.00**Upplifun og umhverfisskynjun**

Gestir eru virkir þátttakendur í upplifun í garðinum þar sem reynt verður á öll skilningarvitin. Leikið með ljós og skugga og tilraunir gerðar með hljóð og umhverfisskynjun.

LISTASAFN ASÍ, FREYJUGATA 41**19.00-24.00****Hluti af hluta af hluta: Þættir I-III**

Myndlistarsýning Bjarka Bragasonar.

20.00-20.45 & 21.30-22.15
Listamannspjall Bjarka Bragasonar

Ímyndir, tungumál, tími og minni eru leiðarstef í verkunum. Fjallað um áhrif sögulegra atburða og hugmyndafræði á einstaklinga. Arkitektúr kemur þar mikið við sögu en einnig gamall skógur.

LISTASAFN EINARS JÓNSSONAR, EIRÍKSGATA**20.30 & 21.30****Tónleikar**

Anna Jónsdóttir sópran og Sophie Schonjans hörpuleikari flytja verk eftir Henry Purcell.

LISTASAFN ÍSLANDS VIÐ FRÍKIRKJUVEG 7**20.00-24.00****Gamlar gersemar og Erlendir áhrifavaldar**

Úrval erlendra myndlistar úr fórum safnsins auk verka íslenskra listamanna sem féllu frá fyrir miðbik síðustu aldar.

LISTASAFN SIGURJÓNS ÓLAFFSONAR, LAUGARNESTANGA**19.00-24.00****Áfangar, lykilverk eftir Sigurjón Ólafsson****20.00-22.30****Árni Heiðar Karlsson, píanóleikari**

Tónlistamaðurinn leikur á flygillinn í aðalsal safnsins.

LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR, TRYGGVAGATA 15**21.00-22.00****Kvöldgestir í tengslum við sýningu Kvosin 1986 & 2011**

Sýningarspjall við höfunda bókarinnar „Kvosin“. Rætt verður um svæðið og þær breytingar sem hafa orðið á tímabilinu.

19.00-24.00**MYNDAGÁTA – Hversu vel þekkirðu Reykjavík?**

Skemmtileg sjónarhorn og kennileiti víðs vegar í borginni á árum áður.

MINJAGARÐURINN AÐ HOFSTÖÐUM, KIRKJULUNDI, BÍLA-STÆÐI VIÐ TÓNLISTARSKÓLA GARÐABÆJAR**19.00-24.00****Opið í minjagarðinum**

Minjar af landnámskál frá 9. öld. Fjölbreytt og skemmtileg margmiðlunarsýning sem er aðgengileg á snerti-skjám.

MOLINN UNGMENNNAHÚS, HÁBRAUT 2**20.00-24.00****Uss**

Ljósmyndasýning Sonju Nikulásdóttur og Ólafar Sigbórsdóttur. Myndefni sýningarinnar fjallar um alvarleg vandamál sem margir þurfa að kljást við á hverjum degi.

NÁTTÚRUFRAEÐISTOFA KÓPAVOGS, SAFNAHÚSINU, HAMRABORG 6A**19.30-20.30****Bessadýr í Blávatni**

Hilmar J. Malmquist forstöðumaður flytur erindi í fundarsal safnahússins um nýjasta stöðuvatn landsins efst á Okinu.

20.30-21.00**Fyndnar furðuverur**

Helgi Þorgils Friðjónsson myndlistamaður spjallar við safngesti um dýrlegar, myndnar og furðulegar myndastyttur sínar.

NORRÆNA HÚSIÐ, SÝNINGARSAL-IRNIR, STURLUGATA 5**19.00-24.00****Ljósmyndasýningar, tilraunalistahátíð, vídeóinnsetningar og gjörningar**

Sýning frá Mexíkó í anddyri. Borderline ljósmyndasýning í sýningarsal á neðri hæð og alþjóðlegar stuttmyndir í sal á efri hæð.

NÝLISTASAFNIÐ, SKÚLAGATA 28**19.00-24.00****Dómgreindin er spegill**

Sýning með verkum eftir listamennina Tiong Ang, Roger Palmer, Jan Kaila, Japo Knuutila, Clodagh Emoe og Mick Wilson. Í sýningarstjórn Henk Slager.

SAFN ÁSGRÍMS JÓNSSONAR, BERGSTAÐARSTRÆTI 74**19.00-24.00****Fornmenn og Umhverfis landið á fáeinum áratugum****21.30-21.50****Hetjur fortíðar**

Leiðsögn um sýninguna Fornmenn.

SÍM – SAMBAND ÍSLENSKRA MYNDLISTARMANNA, HAFNARSTRÆTI 16**19.00-22.00****Grátóna Ásdís Spanó**

Birtuskilyrðin hafa áhrif á það hversu marga grátónalíti er hægt að sjá hverju sinni. Ásdís afmarkar sig við þessa 500 tóna.

VÍKIN SJÓMINJASAFN, GRANDAGARÐI 8**19.30-20.00****Stjörnuskoðun að vori**

Sverrir Guðmundsson hjá Stjörnuskoðunarfélagi Seltjarnarness mun flytja fyrirlestur.

19.00-23.00**Magnað myrkur himinhvolfsins**

Stjörnuskoðunarfélagið og Stjörnufræðivefurinn fræða gesti. Ef veður leyfir verður boðið upp á stjörnuskoðun utandyra í gegnum stjörnusjónauka.

21.00-22.00**Þjóðleg kvöldvaka á Safnanótt**

Kór Akranesarkirkju sviðsetur þekktar þjóðsögur í formi ljósmynda og málverka. Fluttar verða sögurnar Móðir mín í kví, kví, Miklabæjar-Sólveig, Djákninn á Myrká og Reynistaðarbræður.

19.00-22.00**Föndursmiðja sjóræningjanna**

Komdu og búðu til þitt eigið sjóræningjaskip! Allt efni á staðnum.

19.00-22.00**Fjárjóðsleit í Sjóræningjasafninu**

Ratleikurinn samanstendur af léttum spurningum og þrautum um skipið fyrir yngsta aldurshópinn. Hver veit nema þar á meðal verði einn sjóræningi eða svo?

19.00-24.00**Málverkasýning**

Félag frístundamála opnar málverkasýningu í Verbúð og Betri stofu.

SÖGUSAFNIÐ Í PERLUNNI, ÖSKJUHLÍÐ**Kl. 19.00-24.00****Vígalegir víkingar**

Víkingar frá Rimmugýg heimsækja Sögusafnið, sýna vopn sín og fatnað, spjalla við gesti og skemmta.

TÓNLISTARSAFN ÍSLANDS, HÁBRAUT 2, 200 KÓPAVOGUR**19.00-24.00****... dans á eftir**

Sýning með danstónlist þjóðarinnar allt frá hringdönsum til forna fram á miðja 20. öld.

20.30 – 21.00**Gömludansalögin á harmonikkur**

Félag harmonikkuleikara í Reykjavík kemur og leikur nokkur gömludansalög.

ÞJÓÐARBÓKHLAÐAN, LANDS-BÓKASAFN ÍSLANDS-HÁSKÓLA-BÓKASAFN, ARNGRÍMSGATA 3**20.00 - 22.00****Fjallkonan og Reykvíska eldhúsið**

Sýning og örmálþing um matar- og veitingahúsamenningu í Reykjavík á fyrri hluta 20. aldar. Guðjón Friðriksson sér um leiðsögn um slóðir Kristínar Dahlstedt í Kvosinni.

ÞJÓÐMENNINGARHÚSIÐ, HVERFISGATA 15**19.00-23.00****Skrifað á skinn**

Gestum býðst að spreyta sig við skriftir á kálfskinn með fjaðrupenna og nýsoðnu jurtableki.

20.00-21.00**Ljós í myrkri I**

Nemendur í Skapandi tónlistarmiðlinum við Tónlistardeild Listaháskóla Íslands leggja undir sig húsið og magna tónlistargaldur.

20.30-21.00**Þjóðlög í myrkri**

Þekkt íslensk þjóðlög í bland við frum-samin lög útsett fyrir söng og selló í flutningi Hringanóra, þeirra Unnar Söru Eldjárn og Grétu Rúnar Snorra-dóttur.

21.00-23.00**Ljós í myrkri II**

Flutningur nemenda við Tónlistardeild Listaháskóla Íslands á kammerverkum og nýtónsmíðum. Einnig verða sýndar upptökur af flutningi verka við Tónlistardeildina.

19.00-24.00**Púsund ár**

Sýning frá Listasafni Íslands með verkum eftir íslenska listamenn frá lokum 19. aldar til nútímans. Börn geta farið í leiðangur um sýninguna út frá blaði með náttúruþráðum sem rekja má um verkin.

19.00-24.00**Lóan**

Þjóðfugl Íslands, lóan, er í sérstöku uppáhaldi hjá Eddu Heiðrúnu Backman sem sýnir munnmáluð olíumálverk og vatnslitamyndir.

19.00 – 24.00**Óskabarn – æskan og Jón Sigurðsson**

Litrík sýning um sveitatrák í Arnarfirði, búðarsvein, stúdent og stjórn-málmann; unnustuna þolinmóðu, fóstursoninn Sigga litla, byltingar í Evrópu og baráttumál Íslendinga á 19. öld. Sjálfstæðishetjan Jón Sigurðsson skoðuð frá sjónarhóli æskunnar.

ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS, SUÐURGATA 41**19.00-21.00****Listasmiðja**

Fyrir börn á öllum aldri þar sem lögð verður áhersla á himintunglin, gömlu mánaðarheitin og tímamann.

19.00-19.30**Drengjakór Reykjavíkur**

Kórinn flytur nokkur lög undir stjórn Friðriks S. Kristinssonar.

20.00-22.00**Kvikmyndin Agnes**

Kvikmyndin fjallar um þá atburði sem leiddu til síðustu aftökunnar á Íslandi árið 1830.

22.00-23.00**Morðgáta**

Morð hefur verið framið á Þjóðminjasafninu! Komið og leitið vísbendinga. Hver er sá seki?

23.00-23.30**Hljómsveitin Árstíðir**

Hljómsveitin Árstíðin leikur fyrir dans í Myndasál Þjóðminjasafnsins.

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS, LAUGAVEGI 162**19.30-22.30****Kynning á starfsemi og ferð um skjalageymslur**

Farið er kl. 19.30, 20.30 og 22.30. Um 20 manns komast í hverja skoðunarferð. Skráning á vef þjóðskjalasafns og á staðnum.

21.15-21.45**Sólborgarmálið frá 1893**

Sólborgarmálið frá 1893 rifjað upp í máli og myndum. Sagt frá örlögum hálfstýskinnanna Sólborgar og Sigurjóns á Svalbarði í Pistilfirði.

21.45-22.15**Barnastand og lausaleikur**

Fjallað verður um aðstæður og þjóðfélagsstöðu einstæðrar konu sem um aldamótin 1800 eignaðist tvö börn í lausaleik með þekktum dönskum kaupmanni.

HEIMSDAGUR

BARNA LAUGARDAGINN 9. FEBRÚAR

MENNINGARMÍÐSTÖÐIN GERÐUBERG OG FRÍSTUNDA-MÍÐSTÖÐIN MIÐBERG**13.00-16.00****Listasmiðjur – Í allra kvikinda líki**

Hani, krummi, hundur, svín eða kannski bara beinagrind eða upp-vakningur. Nornadætur galdra þig í hvaða dýr sem er með andlitsmálningu.

Svifum hærra í töfrahám

Viltu fljúga með seiðkórlum og

nornum á vit myrkra ævintýra í töfrahám? Smíðja í gerð norna- og seiðkarlabúninga.

Origami – Bréfbrot fyrir alla

Bréfbrot hjá Origami Ísland kenna einfaldar og skemmtilegar aðferðir við að skapa fjölbreytt og listræn bréfbrot.

Öskupokar og bolluvendir

Höldum í gamlar hefðir og flengjum með bolluendi og hengjum öskupoka á fólk án þess að það verði þess vart. Komdu og gerðu þinn

eigin litríka öskupoka og skrautlegan bolluvönd.

Hljóðfærasmíðja

Útbúa má spennandi hljóðfæri úr ótrúlegasta efniviði og framkalla með þeim fögur og framandi hljóð – búmm, saka búmm búmm búmm.

Hipp hopp

Dansarar úr hópnum Swaggerific í Dans dans dans kenna hipp hopp með blöndu af þeirra eigin stíl.

Seiðkarla- og nornaklær

Hvað er óhuggulegra en ískur í krafandi nögglum á dimmu vetrarkvöldi? Vertu með og gerðu þér þínar eigin ógnvekjandi seiðkarlaeða nornaneqlur.

Vísindasmiðja

Langar ykkur að aðstoða við efnafraeðibrellur þar sem tilraunaglös og dularfullir vökvar koma við sögu?

Nornakaffihús

Þorir þú að gæða þér á grænum og göldróttum veitingum og rjúkandi seiðum nornanna í Miðbergi?

Eldað yfir eldi

Dýrindis brauð grillað yfir opnum eldi. Kynjaverur þjóða til útiöldunar á torginu.

Lokahátíð kl. 16**Hátíð íss og myrkurs**

Heimsdegi barna lýkur með því að þátttakendur hópast út á torgið á milli Gerðubergs og Miðbergs. Sigurvegararnir úr Breiðholt Got Talent og Söngkeppni Breiðholts stíga á svið.

Sundlauganótt

laugardaginn 9. febrúar frá 20.00-24.00

BREIÐHOLTSLAUG, AUSTURBERGI 3**19.00-24.00****Sýning á verkum nemenda í FB**

Sýndur verður afrakstur nemenda við fata- og textílsvið í anddyri Breiðholtslaugar.

19.30-20.15**White Signal**

Leikin verða diskólög frá sjöunda og áttunda áratugnum í bland við eigin lög.

20.30-20.40**Danshópurinn Swaggerific**

Þau tóku þátt í DansDansDans og unnu einnig 1. sæti í Street Danskeppni Brynju Péturs.

21.00-21.45**Aqua Zumba**

Aqua Zumba® er hressandi líkamsþjálfun sem sameinar Zumba® formúluna við vatnsleikfimi á skemmtilegan hátt.

22.10-22.20**Sigurvegarar í Söngvakeppni Breiðholts**

Ingi Þór, Sölvi Steinn og Bjarni Sævar taka lagið en þeir munu taka þátt í Söngkeppni Samfés 2013.

22.30-22.55**Jóga í vatni**

Jógaæfingar í vatni og hugleiðsla ásamt samsöng við gítarundirspil í heitu pottunum á eftir.

22.55-23.15**Gongslökun í vatni í boði Jógasals Ljósheima**

Fljótandi slökun við undirspil tveggja gong hljóðfæra. Heilandi tónar færa djúpa slökun og endurnæringu.

23.15-23.45**Stuttmyndir**

Sýndar verða nokkrar stuttmyndir ásamt sviþmyndum frá fjölbreyttu starfi barna og unglunga í hverfinu.

LAUGARDALSLAUG, SUNDLAUGAVEGI 30**15.00-16.00****Undirheimar Laugardalsins skoðaðir með Stefáni Pálssyni**

Svæðið frá gömlu sundlaugunum í Laugardal og út að Höfða hefur að geyma fjöldann allan af merkilegum sögum sem tengjast vexti Reykjavíkur, tækniþróun, draugum og sirkusfólki.

18.00-18.30**Kórástund í sundi**

Fjölmargir kórar taka sig saman og syngja hressileg lög í stúku við úti-laugina.

20.00-22.00**Stelpuskákmót Íslensku Skákakademíunnar**

Teflt í lauginni, 5-7 umferðir.

19.00-19.40**Jóga í vatni**

Jógaæfingar í vatni og hugleiðsla

ásamt samsöng við gítarundirspil í heitu pottunum á eftir.

19.40-20.00**Gongslökun í vatni í boði Jógasals Ljósheima**

Fljótandi slökun við undirspil tveggja stórkostlegra gong hljóðfæra. Heilandi tónar gongsins færa djúpa slökun og endurnæringu.

19.45-21.15**KR Super Challenge**

Tryllt tónlist, sund og stórbrotinn ljósangangur! Mikill hraði – Mögnuð stemning! Allir fá happdrættismiða.

Kyndlar á bökkum og ljúfir tónar til miðnættis**YLSTRÖNDIN NAUTHÓLSVÍK****18.00-24.00****Notalegheit í heitapottinum**

Kyndlar lýsa upp ströndina með hjálp norðurljósa og stjarna.

19.00-19.30**Kvartettinn KVIKA syngur****20.30-21.00****Ljóðatónleikar – Frá myrkri til ljóss**

Sigfríð Þórisdóttir les úr bók sinni „Ópera sálarinnar“.

23.00-23.30**Kvartettinn Kvika með drunga-legheit.****VESTURBÆJARLAUG, HOFVALLAGÖTU****19.00-19.30****Ljóðatónleikar – Frá myrkri til ljóss**

Sigfríð Þórisdóttir les úr bók sinni „Ópera sálarinnar“.

20.00-24.00**Norðurljósa - Sundlaugarparty**

Fjöllistakonan Kitty Von-Sometime nær upp stemmingu í lauginni ásamt gestum með sjálflysandri staukum undir tónlist fjögurra plötusnúða.



● VETRARHÁTÍÐ LÝKUR Á KÆRLEIKUNUM

Lokaatriði Vetrarhátíðar eru Kærleikar Bergljótar Arnalds sem haldnir eru í fimmta sinn. „Markmið Kærleikanna er að efla samkennd, hlýju og kærleika og um leið minna okkur á að við erum öll mikilvæg í samfélaginu. Við búum saman sem hópur einstaklinga með mismunandi skoðanir og samvinnan gerir okkur sterkari en flestar aðrar dýrategundir,” segir Bergljót. Komið verður saman fyrir framan Alþingishúsið og þaðan gengin Kærleiksganga sem Lúðrasveitin Svanur leiðir. Gangan endar við lón þar sem boðið verður upp á heitt súkkulaði og Vocal Project undir stjórn Matta Sax.

„Febrúar er einn erfiðasti mánuður vetrarins og við ætlum að kveikja smá ljós í lífinu. Kyndilberar verða í göngunni og eldgleypar mæta á svæðið. Pólfarinn Vilborg Arna Gissuradóttir mun fara nokkrum orðum um það hvernig henni tókst að komast í mark þrátt fyrir mikla áskorun. Þá mun Sóla sögukona mæta, björgunarsveitirnar, leikhópurinn Perlan og Sönglist auk þess sem krökkum verður boðin andlitsmálning. Ásta Valdimars verður með hláturjoga og við ætlum að senda fingurkoss og góða strauma til Alþingishússins.“ Litur Kærleikanna er rauður og er fólk hvatt til að taka eitthvað rautt með. Kærleikarnir eru sunnudaginn 10. febrúar og hefjast kl. 17 á Austurvelli.

● HÆGT AÐ VINNA MÁLTÍÐ

Nokkrir af bestu veitingastöðum borgarinnar bjóða upp á spennandi Vetrarhátíðarmatseðla á tilboðsverði þá fjóra daga sem Vetrarhátíð stendur yfir. „Við fengum þá hugmynd að fá veitingastaði til liðs við okkur svo fólk gæti slegið tvær flugur í einu höggi; notið dagsskrár Vetrarhátíðar og gætt sér á ljúffengum réttum á þessum frábæru stöðum,” segir Guðmundur Birgir Halldórsson hjá Höfuðborgarstofu. Hann bendir einnig á að leikur verður í gangi á Facebook-síðu Vetrarhátíðar Reykjavíkur. „Fólk getur farið á síðuna, líkað við hana, sett inn skilaboð og þannig átt tækifæri á að vinna máltíð á einum af eftirtöldum veitingastöðum.“

Café Loki
Fiskfélagið
Fiskmarkaðurinn
Grillmarkaðurinn
Hótel Holt – Gallery Restaurant
Laundromat cafe
Rub 23
Sjávarbarinn
Sjávargrillið
Tapashúsið
Uno
Við Tjörnina



● KÓRSTUND Í SUNDI

Boðið verður upp á kórtónleika í Laugardalshöll í tengslum við Sundlauganótt laugardaginn 9. febrúar. Þar munu fimm hundruð kórmeðlimir úr hinum ýmsu kórum og á öllum aldri raða sér upp í stúkuna og syngja fyrir sundlaugagesti. Stjórnendurnir eru ekki af verri endanum en það eru þau Þorgerður Ingólfsdóttir, stjórnandi Hamrahlíðakóranna, Jón Stefáns-son, stjórnandi kórs Langholtskirkju, Graduale Nobili og Gradualekórins, Magnús Ragnarsson, stjórnandi Söngsveitarinnar Fílharmóníu og Kórs Áskirkju og Þóra Marteinsdóttir, stjórnandi Kórs Vatnsendaskóla. Flutt verða fjögur lög og mun hver stjórnandi stjórna einu lagi.

„Sundlauganótt var haldin í fyrsta skipti í fyrra en hugmyndin er að nýta rými sem við erum von að nota á ákveðinn hátt einhvern vegin öðruvísi. Í fyrra var boðið upp á fimleika og dans en í ár datt einhverjum snillingnum í hug að fylla stúkuna af kór-söngvurum og hafa áhorfendurna í lauginni,” segir Heiðrún Hákonardóttir, skrifstofustjóri Höfuðborgarstofu. „Vetrarhátíð snýst um ljós og myrkur og munu kórmeðlimir vera upplýstir. Þeir verða sömuleiðis búnir vasaljósnum og sjálflysandi ljósaprikum sem þeir munu beita með mismunandi hætti í hverju lagi fyrir sig. Þetta verður því án efa tilkomumikið.“ Tónleikarnir hefjast klukkan 18:00 og hvetur Heiðrún fólk til að mæta og njóta flutningsins ofan í lauginni.



OPNUNARATHÖFN VETRARHÁTÍÐAR Í REYKJAVÍK

Opnunaratriði Vetrarhátíðar í Reykjavík 2013 „PIXEL CLOUD“ er eftir listamanninn Marcos Zotes, með tónlist eftir Eðvarð Egilsson (Cosmos). Marcos Zotes lýsti á magnaðan hátt upp Hallgrímskirkju á Vetrarhátíð í fyrra og setur nú upp ógleymanlegt rafmagnað verk.

Ekki missa af stórfenglegu sjónarspili á Austurvelli fimmtudaginn 7. febrúar, klukkan 19:30.



SKJÓL FYRIR
SKAMMDEGI

Náðu þér í svolitla auka birtu á Vetrarhátíð. Orkusalan hefur kveikt á sumrinu í nokkrum strætósýklum í borginni. Nánar á solskyli.is.

orkusalan

Orkusalan – lýsir upp Vetrarhátíð í Reykjavík 2013.

Nornaseyði og grænar vöflur

„Heimsdagur barna er helsta stolt Gerðubergs, mikill hátíðisdagur og gleðin alltumvefjandi og allsráðandi,“ segir Hólmfríður Ólafsdóttir verkefnastjóri um barnahátíðina vinsælu sem um árabíl hefur verið fjölsóttasti viðburður Menningar- miðstöðvarinnar Gerðubergs í Efra-Breiðholti.

Í takt við Magnað myrkur, sem er þema Vetrarhátíðar í ár, verða nornir og seiðkarlar á sveimi í Gerðubergi.

„Gestir Heimsdags barna fá aðgang að spennandi smíðjum þar sem hægt er að búa til seiðkarla- og nornabúninga fyrir öskudaginn, ásamt því að sauma öskupoka og búa til bolluvendi,“ upplýsir Hólmfríður um brot af heillandi viðfangsefnum Heimsdagsins.

Í Gerðubergi verður einnig origami-smíðja, hljóðfærasmíðja, vísindasmíðja og danssmíðja þar sem ungmenni úr Dans, dans, dans- þáttunum kenna hipphoppdans.

„Á Nornakaffihúsi í Miðbergi verður hægt að gæða sér á nornaseyði og gómsættum grænum vöflum og grilla brauð á opnum eldi úti á torginu. Þar þarf þó að fara með gát því í ógurlegu kattar- bæli lúrir andstyggilegur köttur nornarinnar sem skýtur viðstöddum örugglega skelk í bringu með skelfilegum óhljóðum sínum,“ segir Hólmfríður.



Hólmfríður er hér stödd í ævintýralegrum umgjörðum árlegrar sýningar á myndskreytingum barnabóka í Gerðubergi. Þar hefur verið skapaður ævintýraheimur þar sem á rennur í gegnum sýningarsvæðið. Þar er einnig hægt að klifra upp á fjall, skriða inn í hól, leggjast á grænan grasbala eða undir stórt tré til að skoða og teikna myndir eða eiga notalega lestrarstund með bók í hönd.

Hún segir krakka elska Heimsdag barna og ekki síst að upplifa hann með fjölskyldu sinni.

„Undanfarin ár hafa um 2.000 gestir sótt Heimsdag barna og gestafjöldinn dreifist vel. Að þessu sinni munu unglingar taka meiri þátt en áður og láta ljós sitt skína sem smíðjustjórar og hjálparhellur en einnig stíga á stökk á útisviði með sigurvegurinum úr Söngvakeppni Breiðholts og hæfileika-

keppninni Breiðholt Got Talent,“ útskýrir Hólmfríður, sem hlakkar mikið til.

„Heimsdagur barna var upphaflega hátíð þar sem ólík þjóðarbrót sýndu handverk og skemmtun frá gamla heimalandinu. Þetta hefur breyst í tímans rás. Innflytjendur eru oft einangraðir, ekki síst foreldrar barna af erlendum uppruna. Við viljum hvetja þá til að taka þátt með börnum sínum á Heimsdegi



Gerðuberg breytist í gósenland sköpunar og gleði á Heimsdegi barna.

barna og þýðum dagskrána yfir á sjö tungumál sem við sendum í alla skóla og á frístundaheimilin. Heimsdagur barna er því kærkomið tækifæri fyrir alla að upplifa gleðina með börnunum sem er í senn dýrmæt og skemmtileg upplifun.“

Heimsdagur barna stendur frá klukkan 13 til 16 laugardaginn 9. febrúar. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

Sjá nánar á www.gerduberg.is.

Draugar og sjóræningjar

ÆVINTÝRAGJARNIR

Verða ekki sviknir á Safnanótt í Sjóminjasafninu. Boðið verður upp á sjóræningjaföndur fyrir yngstu kynslóðina þar sem hægt verður að búa til sjóræningjaskip, sjóræningjahatt og lepp. Á safninu verður sjóræningjapema allsráðandi og hægt að fara í fjár-sjóðsleit um safnið og jafnvel rekast á sjóræningja.

Þá flytur Stjórnuskoðunarfélag Seltjarnarness fyrirlesturinn „Stjórnuskoðun að vori“ og býður upp á stjórnuskoðun af pallinum ef verður leyfir.

Í mögnuðu myrkr Sjóminjasafnsins verður Kór Akranesarkirkju með draugalega kvöldvöku þar sem þekktar þjóðsögur verða sviðsettar í formi ljósmynda og málverka og kórinngur lög sem tengjast hverri sögu.

Vikin Sjóminjasafn er í Grandagarði 8. Dagskrá á Safnanótt 8. febrúar stendur frá 19 til miðnættis.



Eldsmíðir að störfum en þeir munu hamra járn í Fógetagarðinum á Safnanótt.

MYND/MINJASAFN REYKJAVÍKUR

Eldsmíði og víkingar á vappi á Safnanótt

Víkingar verða á vappi um Landnámsýninguna í Aðalstræti 16 á Safnanótt milli klukkan 19 og 23. Þá verður einnig hægt að kynna hinni fornu iðn járnsmíða þar sem eldsmíðir verða að störfum í Fógetagarði og hamra járn- ið meðan það er heitt, milli klukkan 20 og 23.

Þórunn Erlu- Valdimarsdóttir, sagnfræðingur og rithöfundur, mun fjalla um Skúla Magnússon og Innréttingarnar á Landnámsýningunni klukkan 20. Þar munu meðal annars ný götuheiti koma til sögunnar, en Skúlatún fékk nýlega heitið Þórunnartún og því þykir það vel við hæfi að Þórunn fjalli um Skúla.

Smástundarsafnið mun síðan skjóta upp kollinum á Landnámsýningunni en í því geta allir tekið þátt. Koma má með sýnishorn úr eigin safni svo sem frímerki,

skopparabolta eða hvað sem er, allt er leyfilegt. Segja skal frá því af hverju safnað er en frásagnir og ljósmyndir af hlutum verða svo sett inn á heimasíðu Smástundarsafnsins að viðburðinum loknum.

Í Árbæjarsafni verður einnig fjölbreytt dagskrá á Safnanótt. Ljóðskáld frá Ljóðahópi Gjábakka ræða um bragarhætti og myndmál og ástæður þess að fólk semur ljóð. Útjoga verður stundað í safninu klukkan 21 og þá býður dúettinn Hringanóri upp á blandaða dagskrá, meðal annars útsett þjóðlög fyrir söng og selló. Tónleikar Hringanóra hefjast klukkan 22 í Lækjargötusal.

Klukkan 23 hefst svo rökkurleiðsögn um Árbæjarsafn þar sem sagðar verða sögur sem vekja bæði óhug og hrylling.

Sjá nánar á www.vevtrarahatid.is.

S TÍMATAFLA SAFNANÆTURSTRÆTÓ

Fritt í Strætó!

Leið A – á 20 mín. fresti frá 19.00–24.00.

Stoppistöð		Safn
Flókagata á bílast. Kjarvalst.	00 20 40	Kjarvalsstaðir
Eiríksgrata – við Hallgrímskirkju	04 24 44	Listasafn ASÍ
Eiríksgrata	04 24 44	Listasafn Einars Jónssonar
Sturlugata 5	08 28 48	Norræna húsið
Suðurgata við Hringbraut	10 30 50	Þjóðminjasafn Íslands / Þjóðarboðkhláðan
Við Fríkirkjuna	12 32 52	Listasafn Íslands
Á horni Túngötu og Aðalstr.	13 33 53	Minjasafn Reykjavíkur (Landnámsýning)
Eiðisgranda við Öldugranda	18 38 58	Bókasafn Seltjarnarness
Grandagarður 8	23 43 03	Sjóminjasafnið
Geirsgata – bakvið Hafnarhús	28 48 08	Alliance Francaise, Borgarbókas., Borgarskjallas., SÍM
Hverfisgata við bílastæðahús	31 51 11	Ljósmyndasafn Rvk., Hafnarhús, Graffíksafn Ísl.
Skúlagötu 28	35 55 15	Þjóðmenningarhús
Laugavegur – við safnið	38 58 18	Nýlistasafnið
Flókagata á bílast. Kjarvalsstaða	41 01 21	Þjóðskjalasafn Íslands
		Kjarvalsstaðir

Leið B – á 20 mín. fresti frá 19.00–24.00.

Stoppistöð		Safn
Flókagata bílast. við Kjarvalst.	10 30 50	Kjarvalsstaðir
Fyrir utan Perluna	16 36 56	Sögusafnið Perlunni
Í Hamraborg	23 43 03	Héraðsskjallasafn Kóp., Náttúrufræðistofa Kóp., Bókasafn Kóp., Molinn í Kóp., Gerðarsafn, Tónlistarsafn Ísl.
Garðatorg	28 48 08	Bókasafn Garðabæjar, Hofsstaðir, Hönnunarsafn Íslands
Við Álfaneskóla	38 58 18	Bókasafnið á Álfanesi
Garðaholt	42 02 22	Krókur á Garðaholti
Vesturgata 8	46 06 26	Byggðasafn Hafnarfjarðar
Í Firði	48 08 28	Hafnarborg, Bókasafn Hafnarfjarðar
Garðatorg	58 18 38	Bókasafn Garðab., Hofsstaðir, Hönnunarsafn Ísl.
Hamraborg – í stæði 28	03 23 43	Héraðsskj. Kóp, Náttúrufrst. Kóp, Bókasafn Kóp., Molinn, Tónlistars. Ísl.
Fyrir utan Perluna	09 29 49	Sögusafnið Perlunni
Bílastæði við Kjarvalsstaði	15 35 55	Kjarvalsstaðir

Leið C – á 20 mín. fresti frá 19.00–24.00.

Stoppistöð		Safn
Flókagata bílast. við Kjarvalst.	20 40 00	Kjarvalsstaðir
Við safnið	32 52 12	Árbæjarsafn
Við safnið	42 02 22	Listasafn Sigurjóns Ólafssonar
Við safnið	49 09 29	Ásmundarsafn
Grasagarðurinn (Laugardalshöll)	51 11 31	Grasagarðurinn
Flókagata bílast. við Kjarvalst.	55 15 35	Kjarvalsstaðir

Leið D – ein ferð

Frá Kjarvalsstöðum	20.00
Frá Gljúfursteyni	22.00

ALLIR VAGNAR AKA LEIÐIR A–C.

Fyrst leið A, svo leið B og síðan leið C. Þannig getur fólk komist á milli með sama bíl ef það vill bíða við Kjarvalsstaði á meðan vagninn bíður.

